

Dómsorð:

Framangreind lögbanngerð er felld úr gildi.

Stefnda, Jóhanna Sæmundsdóttir, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, um viðurkenningu lögmætis útbyggingar stefndu af jörðinni Holti í Dyrhólahreppi.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. maí 1956.

Nr. 5/1956. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Benedikt Sigurjónsson)

gegn

Hallgrími Péturssyni persónulega

og f. h. sonar hans,

Péturs Sævars, og Friðbirni Friðbjarnarsyni

f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur

og gagnsök (Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1956. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjenda, að hver aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 13. janúar 1956. Krefst gagnáfrýjandinn Hallgrímur þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum persónulega kr. 50.302.00 og kr. 54.384.00 f. h. sonar hans, Péturs Sævars. Gagnáfrýjandinn Friðbjörn krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 46.967.00. Þá krefjast gagnáfrýjendur

og 6% ársvaxta af nefndum fjárhæðum frá 3. október 1953 til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Aðaláfrýjandi greiði og gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjendum, Hallgrími Péturssyni persónulega og f. h. sonar hans, Péturs Sævars, og Friðbirni Friðbjarnarsyni f. h. Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 8000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Hallgrímur Pétursson, Grænukeinn 8 í Hafnarfirði, og Friðbjörn Friðbjarnarson, Hnífsdal, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 17. maí 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, er síðar verður frá greint. Þá hafa stefnendur stefnt Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, hér í bænum, til réttargæzlu, en engar sjálfstæðar kröfur gert á hendur félaginu, og það hefur engar kröfur gert gegn stefnendum.

Málsatvik eru þau, að hinn 3. október 1953 var bifreiðinni VL 655 ekið á konu stefnandans Hallgríms, Júlíönu Ólöfu Árnadóttur, þar sem hún var ásamt móður sinni á gangi á veginum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, og urðu afleiðingar þær, að hún beið bana. Þegar eftir slysið var hafin réttarrannsókn út af því í sakadómi Hafnarfjarðar, og eftir því, sem þar kom fram, verða nú rakin nánari atvik að slysinu.

Móðir Júlíönu heitinnar skýrir svo frá sem vitni, að laugardagskvöldið 3. október 1953 hafi hún ætlað ásamt dóttur sinni í heimsókn til kunningjafólks þeirra í Silfurtúni. Fóru þær mæðgur frá Hafnarfirði með strætisvagni þeim, er lagði af stað þaðan kl. 20.30. Af ókunnugleika og þar sem dimmt var, fóru þær úr strætisvagninum við Lyngholtsbiðstöðina, sem er rétt sunnan við Hraunholtslæk. Þegar vagninn var lagður af stað, sáu þær, að þær mundu hafa farið úr vagninum einni biðstöð of snemma, en

ákvaðu þá að ganga til Silfurtúns, sem er nokkuð austan við Hraunholtslækinn. Héldu þær síðan af stað og gengu hægt samhliða vinstra megin á veginum, alveg út við vegbrún, að því er vitnið telur. Júlíana gekk innar á veginum hægra megin við vitnið. Þegar þær höfðu gengið stuttan spöl, sá vitnið bifreið með ljósum koma frá Reykjavík, og í sama mund varð vitnið vart við glampa frá ljósum bifreiðar, er kom á eftir þeim. Telur vitnið, að Júlíana hafi einnig orðið vör ljósanna frá þeirri bifreið, og heldur, að þær hafi fært sig eins utarlega á veginn og hægt var. Síðan hafi það engum togum skipt, að bifreiðin, sem frá Reykjavík kom, hafi farið fram hjá þeim, en rétt í sömu svifum kveðst vitnið hafa fengið mikið högg eða þrýsting í bakið og hentst við það út fyrir vegbrúnina, sem vitninu fannst há, misst jafnvægið, er það kom niður, og fallið á jörðina. Þegar vitnið fékk höggið eða þrýstinginn í bakið, missti það sjónar á Júlíönu, en heyrði eitt-hvert óp frá henni. Vitnið kveðst hafa flýtt sér upp á veginn aftur, er það komst á fætur, og sá þá, að Júlíana lá hreyfingarlaus á veginum nokkuð langt þaðan, sem vitnið kom upp á veginn. Sá vitnið mann í gráum fötum standa þar yfir henni og heldur, að það hafi verið útlendingur. Er vitnið kom til þeirra, segir vitnið, að Júlíana hafi legið alblóðug og hreyfingarlaus á veginum. Í umrætt skipti kveðst vitnið hafa verið í brúnni kápu, en kápa Júlíönu hafi verið eitthvað ljósari.

Vitnið Þuríður Hvannberg hefur skýrt svo frá, að umrætt laugardagskvöld nokkru fyrir kl. 21.00 hafi hún verið á leið til Hafnarfjarðar í bifreiðinni G 1235, sem vitnið ók, og var móðir þess, Vigdís Thorarensen, með vitninu í bifreiðinni og sat í framsæti. Nokkru eftir að bifreiðin var komin framhjá Silfurtúni, veitti vitnið athygli tveimur konum, sem gengu í áttina þangað, hægra megin á veginum frá vitninu séð. Minnir vitnið, að sú konan, sem innar gekk á veginum, væri í grænni kápu, og heldur það, að hún hafi gengið á malbikuðu brautinni, en hin konan annaðhvort utan við malbikuðu brautina eða á mörkum hennar. Kveðst vitnið hafa séð konurnar rétt í svip, því að í sömu svifum hafi bifreið komið úr áttinni frá Hafnarfirði og ekið aftan á konurnar. Sá vitnið, að konan í grænu kápunni tókst á loft og kastaðist langt frá bifreiðinni. Vitnið sá ekki, hvað varð af hinni konunni. Því virtist, að bifreiðinni, sem ekið var á konurnar, væri ekki ekið mjög hratt, og sjálft kveðst vitnið hafa ekið mjög rólega og vera alveg öruggt um, að það hafi ekið með lægri ljósunum. Örskammt frá slysstaðnum kveðst vitnið hafa numið staðar og farið út úr bifreið sinni. Þá hafi það séð konu liggja á veginum og að bif-

reiðin, sem hafði ekið á hana, hafði numið staðar Reykjavíkur-
megin við konuna á hægra vegarhelmingi utarlega.

Vitnið Vigdís Thorarensen hefur skýrt sjálfstætt á sama hátt
frá atvikum og vitnið Þuríður Hvannberg.

Harry Lennord Bestland, starfsmaður hjá Metcalfe, Hamilton,
Smith, Beck Companies, skýrir svo frá, að laust fyrir kl. 20 laug-
ardaginn 3. október 1953 hafi hann lagt af stað frá Keflavíkur-
flugvelli í bifreiðinni VL 655, sem hann ók, og var með honum
í bifreiðinni maður, er hann var málkunnugur, og sátu þeir báðir
í framsæti. Þegar komið var í gegnum Hafnarfjörð, kveðst Best-
land hafa veitt eftirtekt umferðarmerki, sem á stóð 40 km, en
ekki vitað, hve margar mílur það voru, en eftir það ekið á 30—
35 mílna hraða og talið, að það myndi vera löglegur hraði. Þegar
hann hafi verið rétt kominn að brú, sem er á veginum milli
Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, hafi hann mætt bifreið. Hann hafi
ekki gert sér grein fyrir því, hvort sú bifreið hafi verið með sterk-
um ljósum, en telur þó, að ljós hennar muni eitthvað hafa glapið
útsýn fyrir sér, því að rétt í sömu svifum og hann mætti bifreið
þessari, hafi hann séð tvær konur framan við bifreið sína, varla
meira en 4—5 fet framundan. Hann kveðst þegar hafa hemlað
bifreiðina með fullu átaki, og ekkert fum eða fát hafi komið á
sig. Engum togum hafi þó skipt, að bifreiðin hafi rekizt á þá
konuna, sem innar gekk á veginum, og hafi hún kastazt við
áreksturinn fram á veginn, ein 15—20 fet að hann gizkar á. Þar
hafi konan fallið á götuna og legið hreyfingarlaus. Bestland kveðst
hafa getað stanzað bifreið sína um það bil á miðri brúnni, og gat
hann þaðan séð konuna, þar sem hún lá á veginum framundan.
Hann telur, að konan muni hafa séð bifreiðina, örfáum sekúndum
áður en hún rakst á hana, þar eð honum sýndist hún reyna að
hlaupa undan. Ekki kveðst hann geta gert sér grein fyrir, hvort
bifreiðin hafi komið við hina konuna, en telur þó ekki útilokað,
að svo hafi verið. Eftir að hafa stanzað augnablik á brúnni,
kveðst Bestland hafa ekið bifreiðinni áfram, þar sem hún
var þarna til trafala umferðinni, og stöðvað hana yfir á
hægri vegarbrún Reykjavíkurmegin við konuna. Síðan hafi
hann farið út úr bifreiðinni og farið þangað, sem konan
lá, að honum virtist í andarslitrunum, og breitt yfir hana
frakka sinn. Fólk hafi síðan borið þarna að, og kveðst Bestland
hafa reynt að gera því skiljanlegt að sækja þyrfti sjúkrabifreið,
og hafi hann og félagi hans í bifreiðinni beðið þarna, þar til lög-
reglumaður hafi komið á staðinn. Bestland kveðst hafa verið vel
fyrir kallaður í umrætt skipti, og hefur ekkert komið fram í mál-

inu, er hnekki því. Hann kveðst hafa verið vanur að aka bæði fólksbifreiðum og vöruflutningabifreiðum, en VL 655 var lítil vöruflutningabifreið. Telur Bestland, að er hann rakst á konuna, hafi hraði bifreiðarinnar verið um 25 mílur, en er hann sá konurnar fyrst, hafi hraði bifreiðarinnar verið milli 30 og 35 mílur, miðað við klukkustund, alls ekki yfir 35 mílur. Maður sá, sem var í bifreiðinni með Bestland, hefur borið það sem vitni, að Bestland hafi ekið vel og örugglega á leiðinni. Hann kveðst ekki hafa gert sér ljósa grein fyrir því, hvernig áreksturinn varð, því hann hafi orðið í mjög skjótri svipan. Allt í einu hafi hann séð tvær konur fast framan við bifreiðina, og í sama bili hafi hann fundið, að Bestland hemlaði bifreið sína og stanzaði. Síðan hafi Bestland ekið yfir á hægri vegarbrún og stöðvað þar, og þeir þá báðir farið út úr bifreiðinni og Bestland farið til konunnar, sem hafi legið hreyfingarlaus á veginum. Vitni þetta kveðst ekki geta sagt um hraða VL 655, áður en áreksturinn varð, en telur, að hún hafi verið á „skikkanlegum (normal) hraða“.

Við réttarrannsóknina kemur fram, að bifreiðinni VL 655 var ekið fram úr bifreiðinni G 02091, rétt eftir að bifreiðarnar höfðu farið gegnum Hafnarfjörð. Margir farþegar voru í bifreiðinni G 02091, og kom hún á slysstaðinn, rétt eftir að slys var orðið, en enginn þeirra, sem í þeirri bifreið voru, sá, hvernig það hafði að höndum borið.

Þegar eftir að slysið var orðið, var hringt til lögreglunnar í Hafnarfirði og henni tilkynnt, að umferðarslys hefði átt sér stað við Hraunholtslæk. Lögregluþjónn sá, sem á verði var, Gísli Sigurðsson, náði þegar í stað í sjúkrabifreið og sendi hana á vettvang, en fór samstundis í annarri bifreið á slysstaðinn. Varð lögregluþjónninn fyrri á vettvang, og þegar hann kom að konunni, virtist honum hún vera með lífsmarki, en blóðpollur var við höfuð hennar, sem sneri inn á veginn. Stuttu síðar kom sjúkrabifreiðin á staðinn, og var konan þá lögð á sjúkrabörur og síðan ekið til St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, en er þangað kom, var hún örend.

Uppdráttur hefur verið gerður af slysstaðnum, er talinn er sýna alla afstöðu við slysið, og liggur hann fyrir í málinu. Vegurinn þeim megin brúarinnar, er slysið varð, er 5.70 m breiður (malbikið). Uppdrátturinn sýnir árekstrarstaðinn 4.50 m frá vestari brúarstöpli Hraunholtslækjar út við vegarbrún og að VL 655 hafi stanzað með hægri framhjól 2.80 m frá handriði á brú yfir Hraunholtslæk og með vinstra afturhjól 0.60 m frá brúarhandriði vinstra megin. Eftir uppdrættinum lá Júlíana 5.20 m Reykjavíkurmegin

við brúarhandriðið, 1.60 m inn á veginum frá vinstri vegarbrún, en á vegarbrúninni var blóðpollur. Frá árekstrarstað og þangað, sem konan lá, voru 13.70 m. Uppdráttur þessi hefur verið borinn undir mann þann, sem ók VL 655. Telur hann, að bifreið sín hafi verið nær miðju vegarins og komin öllu lengra en þar er sýnt, þegar hann fyrst stanzaði, en uppdrátturinn virðist í samræmi við þann framburð hans, sem rakinn er hér að framan.

Stefnendur telja, að ökumaður bifreiðarinnar VL 655 hafi átt alla sök á umræddu slysi, og beri því ríkissjóður Íslands á því fóbótaábyrgð samkvæmt 2. tl. 12. gr. fylgiskjals við lög nr. 110 frá 1951.

Hefur stefnandinn Hallgrímur krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum persónulega kr. 50.302.00 vegna missis eiginkonu sinnar og vegna sonar þeirra hjóna, Péturs Sævars, kr. 54.384.00. Þá hefur stefnandinn Friðbjörn vegna dóttur Júlíönu heitinnar, Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur, krafizt greiðslu á kr. 46.967.00. Báðir stefnendur hafa krafizt 6% ársvaxta af umkröfðum fjárhæðum frá slysdegi til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra að skaðlausu. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnukröfurnar verði lækkaðar eftir mati dómarans, og beri þá hver aðilja sinn kostnað af málinu.

Stefndi hefur ekki véfengt, að málinu sé réttilega beint að honum. Styður hann sýknukröfuna fyrst og fremst þeim rökum, að hin andaða kona hafi sjálf átt sökina á því, hvernig fór, þar sem hún hafi gengið dökkklædd í myrkri inni á akbraut fjölfarins vegar. Þá telur stefndi í öðru lagi, að bætur frá Almannatryggingum vegi upp það tjón, sem hlotizt hafi af andláti umræddrar konu.

Varakröfuna reisir stefndi í fyrsta lagi á því, að hin látna kona hafi verið meðvöld að slysinu. Í öðru lagi hefur hann mótmælt hverjum einstökum kröfuflið stefnenda, sem nánar verða raktir hér á eftir, sem of háum.

Fimmtudaginn 27. október s.l. fór dómarinn ásamt lögmönnum aðilja á slysstaðinn og athugaði aðstæður. Þykir sýnt, að athuguðum aðstæðum þar og skýrslum þeim um málsatvik, er raktar hafa verið hér að framan, að ökumaður VL 655 hafi átt alla sök á umræddu banaslysi. Þá verður ekki talið, að það leysi stefnda undan skaðabótaábyrgð gagnvart stefnendum, þótt þeir kunni að eiga rétt til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins (Almannatryggingum) vegna umrædds slyss, en leitt er í ljós, að stefnendur hafa engar slíkar kröfur gert, enda mun Trygginga-

stofnunun ekki telja sig bótaskylda, þegar svo stendur á sem hér. Ber stefndi því samkvæmt framansögðu fulla fébótaábyrgð gagnvart stefnendum á öllu því tjóni, sem af greindu banaslysi hlaut.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnenda teknir til athugunar hver fyrir sig, en um þá gildir það sameiginlega, að þegar síðar verður rætt um útreikninga tryggingafræðings, þá er grundvöllur þeirra 4% vextir p.a., dánarlíkur eftir íslenskri reynslu á árunum 1921—1930 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Hins vegar verður höfð hliðsjón af því, að vextir almennt hér á landi eru hærri en 4% p.a., og ekki virðist vera reiknað með greiðslu opinberra gjalda.

I. Krafa Hallgríms Péturssonar vegna missis eiginkonu.

Júlíana Ólöf Árnadóttir var gift stefnandanum Hallgrími, er hún lézt. Hún er talin fædd 7. júní 1930 og var því rúmlega 23 ára, er hún andaðist. Hefur eiginmaður hennar sundurliðað kröfu sína svo:

1. Fjártjón samkvæmt útreikningi tryggingafræðings	kr. 25.302.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum	— 20.000.00
3. Jarðarfararkostnaður	— 5.000.00

Samtals kr. 50.302.00

Þá hefur stefnandi krafizt, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kr. 400.00, er hann hafi orðið að greiða tryggingafræðingi vegna útreiknings í sambandi við mál þetta.

Svo sem að framan er greint, hefur stefndi andmælt öllum framangreindum kröfuliðum sem of háum, nema kostnaðinum við útreikning tryggingafræðingsins.

Það þykir sýnt, að missir eiginkonu hafi valdið stefnanda röskun á stöðu og högum, og eigi hann því rétt til bóta fyrir það. Þykja þær bætur eftir öllum atvikum, m. a. er litið er til aldurs eigin-konunnar, hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00. Þá á stefnandi og rétt til endurgreiðslu jarðarfararkostnaðar. Fjárhæð þá, sem stefnandi hefur gert kröfu til í því sambandi, hefur hann ekki sundurliðað. Þykir hún hæfilega ákveðin kr. 4000.00. Að því er varðar útreikning tryggingafræðingsins á fjárhagstjóni stefnanda, gerir hann ráð fyrir, að meðan börnin væru í ómegð, hefði konan tæplega gert meira en vinna fyrir sér og börnunum að sínum hluta. Ef hún héldi starfskröftum sínum, eftir að börnin kæmust úr ómegð, megi hins vegar ætla, að hún hefði gert meira en vinna

fyrir sér, og þess afgang, sem þannig hefði orðið, myndu hjónin væntanlega hafa notið að jöfnu. Verðmæti þessa fyrir manninn megi finna með því að margfalda þá árlegu upphæð, sem um hefði getað orðið að ræða fyrir hann, með frestaðri lífrentu, reiknaðri fyrir líf hjónanna beggja, og með eftirlifendatöflu starfhæfra fyrir konuna. Þessi lífrenta reiknast tryggingafræðingnum 7.742, sé fresturinn reiknaður þar til eldra barnið verður 16 ára, en 5.623, sé fresturinn reiknaður, þar til yngra barnið verður 16 ára. Reiknar tryggingafræðingurinn síðan með, að konan hefði árlega unnið fyrir kr. 7.584.00 umfram sitt eigið framfæri, og verður þá verðmæti þess, sem maðurinn hefði persónulega getað vænt sér af starfi konunnar, kr. 25.302.00 eða fjárhæð sú, sem stefnandi miðar fjárhagstjón sitt við.

Það þykir ekki fært að leggja framangreindan útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar bótakröfu stefnanda, en hins vegar mega hafa hliðsjón af honum. Sýnt er, að fráfalið eiginkonunnar veldur stefnanda fjárhagslegu tjóni. Hann mun hafa tekið sér ráðskonu og búa með henni. Það kaup, sem hann þarf að greiða ráðskonunni, er útgjöld, sem orsakast af fráfalli konunnar. Auk þess munu störf ráðskvenna yfirleitt ekki vera heimilum eins notadrjúg og störf eiginkvenna, og er eiginmaðurinn þá einnig að því leyti verr settur en áður.

Þegar virt eru þau atriði, er máli verða talin skipta, þykja bætur til stefnanda undir 1. kröfulið hans hér að framan hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, enda er gerð í málinu sjálfstæð bótakrafa af hálfu barns hjónanna.

II. Krafa Hallgríms Péturssonar vegna Péturs Sævars.

Hjónin áttu saman eitt barn, Pétur Sævar, er konan lézt. Hefur faðirinn vegna drengsins gert kröfu til kr. 39.384.00 vegna missis móðurinnar sem framfæranda og kr. 15.000.00 vegna röskunar á stöðu og högum drengsins.

Tryggingafræðingur hefur reiknað út tjón drengsins vegna missis móður sinnar sem framfæranda. Gerir hann ráð fyrir, að drengurinn hefði getað vænzt ákveðinnar fjárhæðar árlega til framfærslu sinnar frá móðurinni, þar til hann yrði 16 ára. Margfaldar hann þá fjárhæð með tímabundinni lífrentu, sem lýkur, þegar drengurinn nær 16 ára aldri, og er reiknuð fyrir tvö líf, drengsins og móður hans, og með eftirlifendatöflu starfhæfra fyrir móðurina. Pétur Sævar er talinn fæddur 2. janúar 1953. Hann hefur því verið 274 daga og vantað 15 ár og 91 dag í 16 ára aldur, þegar móðir hans lézt. Reiknast tryggingafræðingnum

áðurgreind lífrenta fyrir móðurina og drenginn 10.386. Reiknar hann síðan með lögákveðnu meðlagi föður með óskilgetnu barni sínu, er var í marz 1954, þegar útreikningurinn var gerður, kr. 3792.00 á ári, sem árlegri fjárhæð frá móðurinni til drengsins og fær þá út kr. 39.384.00 sem kröfu drengsins til bóta vegna móðurmissins.

Að athuguðum þeim athugasemdum, sem áður hefur verið dregið á í sambandi við útreikningsgrundvöll tryggingafræðingsins, og þegar virt eru önnur þau atriði, er máli kunna að skipta, þykir umræddur kröfufiður stefnanda vegna Péturs Sævars hæfilega ákveðinn kr. 30.000.00.

Það er sýnt, að móðurmissirinn hefur raskað stöðu og högum drengsins. Hann fer á mis við þá umönnun og ástúð, sem ætla má, að hann hefði notið hjá móður sinni. Þá ber að hafa það í huga, að enda þótt börn séu ekki talin í ómegð eftir 16 ára aldur, mun það mjög algengt, að þau njóti eftir það einhvers fjárhagslegs stuðnings, t. d. til skólagöngu frá foreldrum sínum, ef þeir eru á lífi.

Þegar virtar eru allar aðstæður þykja bætur til Péturs Sævars vegna röskunar á stöðu hans og högum hæfilega áætlaðar kr. 12.000.00.

III. Krafa Friðbjarnar Friðbjarnarsonar vegna Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur.

Auk Péturs Sævars átti hin látna kona annað barn, Rannveigu Sigurbjörgu Pálsdóttur. Fljótlega eftir fæðingu mun hún hafa farið til móðursystur sinnar og manns hennar Friðbjarnar Friðbjarnarsonar í Hnífsdal, sem er föðurbróðir hennar og hefur verið skipaður lögráðamaður hennar í sambandi við mál þetta. Hjá þessum hjónum hefur Rannveig Sigurbjörg dvalizt síðan. Áttu þau hjónin ekkert barn, þegar hún kom til þeirra, en nú eiga þau hjónin þrjú börn. Hefur stefnandinn Friðbjörn vegna stúlkubarnsins gert kröfu til kr. 31.967.00 vegna missis móðurinnar sem framfæranda og kr. 15.000.00 vegna röskunar á stöðu hennar og högum.

Tryggingafræðingur hefur með sama hætti og lýst er undir II reiknað út tjón Rannveigar Sigurbjargar vegna missis móður sinnar sem framfæranda. Hún er talin fædd 24. ágúst 1948 og hefur því verið 5 ára og 40 daga og vantað 10 ár og 325 daga í 16 ára aldur, þegar móðir hennar lézt. Í samræmi við þetta hefur tryggingafræðingnum reiknast áðurgreind lífrenta fyrir móðurina og stúlkubarnið 8.430 og fær síðan út kr. 31.967.00 sem kröfu stúlkubarnsins til bóta vegna missis móðurinnar.

Með vísun til þeirra raka, sem greind eru undir II hér að framan um samkynja bætur til Péturs Sævars og hér er rætt um, þykja bætur til Rannveigar Sigurbjargar vegna missis móður sinnar sem framfæranda hæfilega ákveðnar kr. 24.000.00.

Að því er varðar bætur til Rannveigar Sigurbjargar fyrir röskun á stöðu hennar og högum athugast, að hún hefur dvalizt fjarri móður sinni hjá áðurgreindum hjónum næstum frá fæðingu. Stefnandinn Hallgrímur skýrir svo frá, að eftir að stúlkubarnið kom til hjónanna, hafi móðir þess og faðir ekkert ákveðið samband haft við barnið. Hins vegar segir hann, að hann og eiginkona hans, Júlíana Ólöf, hafi rætt um að taka stúlkubarnið til sín.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til þess, sem segir hér að framan um samkynja kröfu Péturs Sævars, þykja bætur til Rannveigar Sigurbjargar vegna röskunar á stöðu hennar og högum hæfilega ákveðnar kr. 9500.00.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnandanum Hallgrími persónulega kr. 29.000.00 (kr. 15.000.00 + 4000.00 + 10.000.00) svo og honum vegna sonar hans, Péturs Sævars, kr. 42.000.00 (kr. 30.000.00 + 12.000.00). Þá ber stefnda að greiða stefnandanum Friðbirni vegna Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 33.500.00 (kr. 24.000.00 + 9500.00). Af öllum dæmdum fjárhæðum ber stefnda að greiða 6% ársvexti frá 3. október 1953 til greiðsludags. Loks ber eftir þessum úrslitum að dæma stefnda til að greiða stefnendum málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 9000.00.

Dóm þenna hefur kveðið upp Einar Arnalds borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Hallgrími Péturssyni persónulega kr. 29.000.00 svo og honum vegna sonar hans, Péturs Sævars, kr. 42.000.00. Þá greiði hann stefnandanum Friðbirni Friðbjarnarsyni vegna Rannveigar Sigurbjargar Pálsdóttur kr. 33.500.00. Af öllum dæmdum fjárhæðum greiðist 6% ársvextir frá 3. október 1953 til greiðsludags. Loks greiði stefndi stefnendum kr. 9000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.